

Sp.

74. Tillaga til þingsályktunar

[68. mál]

um útgáfu handbókar fyrir launþega.

Flm.: Bjarnfríður Leósdóttir, Helgi F. Seljan.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðuneytinu í samráði við Menningar- og fræðslusamband alþýðu, þ. e. fræðslustofnun Alþýðusambands Íslands, að gefa út handbók fyrir launþega.

Í handbók launþega verði öll lög og reglugerðir, hæstaréttardómar, félagsdómar og opinberar samþykktir, er varða rétt, vernd og öryggi launþega.

Greinargerð.

Lög um rétt, vernd og öryggi launþega eru nokkur þáttur í íslenskri löggjöf.

Mikið skortir á, að hinn almenni launþegi eigi aðgang að eða þekki lög og reglugerðir, er varða rétt hans. En til þess að geta neytt réttar síns þarf hver einstakur að vita, hver hann er. Því er mjög nauðsynlegt, að verkafólk hafi undir höndum í einni bók öll þau lög, reglugerðir og opinberar samþykktir, er varða rétt þess.

Í slíkri handbók launþega þurfa m. a. að vera þessi lög: Lög um stéttarfélag og vinnudeilur, lög um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og launa vegna veikinda og slysa, lög um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélagum, lög um atvinnuleysistryggingar, lög um öryggiseftirlit á vinnustöðum, lög um orlof, lög um iðju og iðnað, lög um iðnfræðslu, lög um almannatryggingar, lög um tekjuskatt og útsvör og gildandi skattstiga, lög um heilbrigðiseftirlit ríkisins, lög um skráningu skipshafna, lög um skipaefirlit og öryggisbúnað skipa, svo og væntanleg lög um vinnutíma og vinnuvernd. Þessi upptalning er að sjálfsögðu ekki tæmandi. Jafnframt þurfa að fylgja með lögum þessum reglugerðir, sem settar eru samkvæmt þeim, og hæstaréttardómar, sem skýra framkvæmd þeirra.

Einnig þurfa að vera í handbókinni heilbrigðissamþykktir bæjar- og sveitarfélaga varðandi vinnustaði, svo og aðrar leiðbeiningar og upplýsingar, er verkafólk varða.

Það er ekki aðeins nauðsynlegt fyrir verkafólk að þekkja rétt sinn. Handbók með lögum, er það varðar, mun vafalaust einnig koma að gagni fyrir atvinnurekendur eða þá fulltrúa þeirra, sem hafa með samskipti við verkafólk að gera, og á þann hátt mun handbókin auðvelda samskipti atvinnurekenda og verkafólks og afstýra árekstrum, sem eru byggðir á vanþekkingu varðandi rétt, vernd og öryggi verkafólks.